



Reykjavík, 30. nóvember 2023

Nefnda- og greiningasvið Alþingis

Velferðanefnd

Efni: Umsögn Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga um tillögu til þingsályktunar um þjóðarmarkmið um fastan heimilislækni og heimilisteymi, 19. mál.

Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga (Fíh) þakkar tækifæri til þess að skila inn umsögn um tillögu til þingsályktunar um þjóðarmarkmið um fastan heimilislækni og heimilisteymi og fagnar því að verið sé að vinna að jafnræði meðal Íslendinga í 1. stigs heilbrigðisþjónustu. Fíh telur þó að flutningsmenn þingsályktunartillögu þessarar ættu að huga betur að sjálfbærni heilbrigðisþjónustunnar og gera hjúkrunarfræðingum kleift að nýta þekkingu sína til fulls.

Í stefnu Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga í hjúkrunar- og heilbrigðismálum til ársins 2030 kemur fram að hjúkrunarfræðingar eru hryggjarstykkid í heilbrigðiskerfi landsins. Þeir starfa á öllum sviðum heilbrigðisþjónustunnar og gegna veigamiklu hlutverki á öllum stigum hennar.

Góð samvinna heilbrigðisstarfsfólks er lykillinn að árangursríkri heilbrigðisþjónustu. Teymisvinna fagfólks er höfuðatriði í þjónustu við einstaklinga og aðstandendur þeirra inni á heilbrigðisstofnunum sem og milli stofnana. Hjúkrunarfræðingar starfa sjálfstætt og sem hluti af teymi heilbrigðisstarfsfólks. Hjúkrun byggist á þekkingu á andlegri, líkamlegri og félagslegri heilsu og líðan einstaklinga. Eðli hjúkrunarstarfsins er að styðja skjólstaðingana til sjálfsbjargar. Hjúkrunarfræðingar sinna sjúku jafnt sem heilbrigðu fólki frá vöggu til grafar. Þessi heildræna nálgun þeirra á þarfir skjólstaðinganna skapar þeim sérstöðu í teymisvinnu sem gerir þá að lykilaðilum í meðferðarteymum og góða málastjóra.

Í stefnu stjórnvalda er heilsugæslunni ætlað stórt hlutverk sem fyrsti viðkomustaður fólks í heilbrigðiskerfinu. Hjúkrunarfræðingar hafa frá upphafi verið frumkvöðlar í heilsuvernd hér á landi og gegna þar sífellt mikilvægara hlutverki. Má þar nefna mæðravernd, ung- og smábarnavernd, heilsuvernd grunnskólabarna og eldra fólks og heilsueflandi móttökur. Þekking hjúkrunarfræðinga og nálagð þeirra við almenning er grundvöllur markvissra forvarna og heilsueflingar.

Sérfræðingar í hjúkrun starfa einnig á öllum stigum heilbrigðisþjónustunnar. Þeir eru frumkvöðlar og leiðtogar í klínísku starfi og þróun hjúkrunarfræðinnar. Í byrjun árs 2021 voru hér á landi í gildi sérfræðingsleyfi hjúkrunarfræðinga á 13 sérsviðum hjúkrunar, þar á meðal í heilsugæsluhjúkrun. Nauðsynlegt er að fjölga sérfræðingum í hjúkrun og víkka þarf starfssvið þeirra með staðfestingu löggjafans til að auka enn frekar gæði heilbrigðisþjónustunnar um allt land.

Því er ljóst að hjúkrunarfræðingar eru í kjörstöðu til þess að vera í forsvari fyrir og leiða heimilisteymi heilsugæslu verði það sett á laggirnar.

Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga setur fram eftirfarandi athugasemdir og ábendingar:

1.2. Fjármagn til að fjölga læknanemum við HÍ verði tryggt og þar með áætlun um fjölgun úr 60 í 75 nýnema árið 2024 og upp í 90 árið 2028.



Athugasemd: Áhersla stjórnvalda síðustu ár hefur verið að auka nemendapláss í hjúkrunarfræði og þar með útskrifuðum hjúkrunarfræðingum til að takast á við skort hjúkrunarfræðinga í heilbrigðiskerfinu. Í skýrslunni *Tillögur til fjölgunar útskrifaðra hjúkrunarfræðinga* sem Heilbrigðisráðuneytið gaf út árið 2020 er ákall um framtíðarfjölgun hjúkrunarfræðinga. Þrátt fyrir ákall og áherslur stjórnvalda liggja nú fyrir Alþingi *drög að reglum um fjárframlög til háskóla* sem er í hróplegu ósamræmi við áður nefndar áherslur og áköll. Samkvæmt greinagerð með reglunum kemur fram að hjúkrunarfræði er námsleið sem raðast í C flokk, sem þýðir að um almennt bóknám er að ræða með sérhæfðum búnaði og/eða starfsnámi og/eða krefst sérhæfðs húsnæðis. Ljóst er að hjúkrunarfræðinám krefst allra þeirra kennsluhátta sem koma fram í C flokki. Ekki er ljós skilgreiningin á D flokki en læknisfræði er í þeim flokki. Hjúkrunarfræðinám er byggt upp á sambærilegan hátt og nám í læknisfræði. Kennsluhættir þessara tveggja námsleiða standa saman af bóknámi, herminámi, verklegri þjálfun og klínísku staðarnámi. Ljóst er að hjúkrunarfræði og læknisfræði eru námsbrautir sem krefjast fjölbreyttra kennsluhátta og nákvæmrar leiðbeiningar og þjálfunar sem er einstaklingsmiðuð og kennd í fámennum hópum. Því telur Fíh það jafn mikilvægt fyrir framgang þjóðarmarkmiðs, að allir Íslendingar fái heimilislækni og heimilisteymi á heilsugæslu, að tryggja fjármagn til fjölgunar hjúkrunarnema á Íslandi eins og fjölgun læknanema.

1.3. Sérnámi í heimilislækningum verði styrkt enn frekar og sérnámi í héraðslækningum komið á fót.

Athugasemd: Fíh bendir flutningsmönnum þingsályktunartillögu um þjóðarmarkmið um fastan heimilislækni og heimilisteymi á að skoða námsleiðina *Heilsugæsla í héraði – klínísk*, sem er 60 ECTS eininga framhaldsnám á meistarastigi við Háskólann á Akureyri. Meginmarkmið námsins er að skoða hlutverk heilsugæslunnar út frá samfélagslegri ábyrgð í þeim tilgangi að efla færni við að vinna að þróun heilsugæslunnar. Sérstök áhersla er lögð á lausnamiðaða nálgun og að styrkja nemann sem sjálfstæðan meðferðaraðila. Námið er einnig góður undirbúningur fyrir þverfaglega teymisvinnu ásamt því að þekkja skipulag almannavarna vegna náttúruhamfara og útbreiðslu smitsjúkdóma. Hjúkrunarfræðingar hafa sótt þetta nám undanfarin ár og hafa þannig eflt og styrkt heilsugæslu um allt land.

2.1. Unnið verði markvisst að því að fjölga fastráðnu heilbrigðisstarfsfólki á heilsugæslum um land allt, m.a. með niðurfellingu á námslánum hjá læknum sem ráða sig til lengri tíma á svæðum þar sem læknaskortur er viðvarandi.

Athugasemd: Skortur er á hjúkrunarfræðingum á Íslandi og ættu sömu ívilnanir að gilda fyrir hjúkrunarfræðinga og lækna á svæðum þar sem skorturinn er viðvarandi. Í skýrslu starfshóps á vegum Heilbrigðisráðherra um *tillögur til jöfnunar á aðgengi að sérfræðiþjónustu á heilbrigðissviði óháð búsetu* sem út kom í maí 2023 eru hjúkrunarfræðingar ein af þeim heilbrigðisstéttum sem ívilnun er talin geta borgað sig fyrir og hefur Fíh áður bent á það. Þá kemur einnig fram að áhrif niðurfellingar námslána er talin væg og ef auka ætti vægi aðgerða með því markmiði að tryggja mönnun heilbrigðisstarfsfólks á svæðum með viðvarandi skorti, er lagt til að auki, að hugað verði að húsnæðis- og skólamállum.

2.2. Skoðaðar verði leiðir til að stuðla að auknum fjölbreytileika meðal læknanema, m.a. með tilliti til búsetu og fyrri reynslu. Þannig verði einkunnir á inntökuprófi ekki eina breytan sem litið verður til við inntöku í læknánám.



Athugasemd: Fíh hvetur flutningsfólk þingsályktunartillögu um þjóðarmarkmið um fastan heimilislækni og heimilisteymi til þess að kynna sér þær fjölbreyttu námsleiðir sem nútímaháskólanám býður upp á í dag. Til að mynda hefur Háskólinn á Akureyri boðið upp á sveigjanlegt nám í hjúkrunarfræði í yfir 30 ár. Ekki er um staðarnám að ræða heldur koma nemendur í háskólann í sérstakar námslotur. Sveigjanlegt nám í hjúkrunarfræði stórbætti aðgengi fólks, alls staðar af landinu, að hjúkrunarnámi.

2.3. Á þeim stöðum þar sem ekki hefur tekist að manna stöður heimilislækna verði heilsugæslum tryggt fjármagn til að efla til muna möguleika á að nýta fjarlæknisþjónustu í meira mæli í samvinnu við heimilisteymi með hjúkrunarfræðing í forsvari.

Athugasemd: Fíh tekur undir með flutningsfólki þingsályktunartillögu um þjóðarmarkmið um fastan heimilislækni og heimilisteymi um mikilvægi þess að fjármagn sé tryggt til eflingar á fjarheilbrigðisþjónustu. Hér telur Fíh þó flutningsfólk tillögunar missa af tækifærinu til þess að mæla með fjölgun sérfræðinga í hjúkrun og víkkun starfssviðs þeirra, sem nú þegar eru til staðar innan kerfisins. Þar þarf staðfestingu löggjafans til að auka enn frekar gæði heilbrigðisþjónustunnar um allt land.

3.2. Viðmið um æskilegan fjölda skjólstaðinga á hvern heimilislækni verði skilgreind.

Athugasemd: Fíh bendir á að Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefur lagt áherslu á opinbera stefnumótun í mönnun heilbrigðisstétta og að gera þurfi mönnunaráætlun til framtíðar. Fíh leggur mikla áherslu á að gerð séu mönnunarviðmið í hjúkrun til að tryggja öryggi starfsfólks og sjúklinga. Jafn mikilvægt er því að setja æskilegt viðmið um fjölda skjólstaðinga á hvern hjúkrunarfræðing eins og lækna.

Að lokum vill Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga koma á framfæri vilja sínum til að koma að frekari samstarfi vegna þjóðarmarkmiðs um fastan heimilislækni og heimilisteymi.

Virðingarfyllst,

Guðbjörg Pálsdóttir

Guðbjörg Pálsdóttir formaður
Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga